

Priðjudagur 22. ágúst 2023 Kl. 16:00
Gimli, Lækjargata 3, 101 Reykjavík

Mættir eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM), Hlynur Helgason (SÍM), Tinna Guðmundsdóttir - verkefnastjóri Myndlistarmiðstöðvar og Auður Jörundsdóttir - forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð funds nr 11, frá 15. maí 2023, samþykkt.
2. Úthlutunarstefna myndlistarsjóðs 2022-2025
 - Ásdís greinir frá vinnuferli í úthlutunarstefnu myndlistarsjóðs 2022-2025. Stefnan hefur verið í vinnslu yfir sumartímann og allir ráðsmenn farið yfir innihaldið.
 - Stefnan lögð fram til samþykktar.

Úthlutunarstefna myndlistarsjóðs 2022-2025

Myndlistarráð leggur fram tillögur til menningar- og viðskiptaráðherra um stefnu og áherslur í starfi myndlistarsjóðs til ársins 2025. Sjóðurinn starfar eftir reglum um myndlistarsjóð sem tóku gildi 23. maí 2014. Hlutverk myndlistarsjóðs er „að efla íslenska myndlist með fjárhagslegum stuðningi og stuðla þannig að framgangi listsköpunar, kynningu og aukinni þekkingu á íslenskrum myndlist. Myndlistarsjóður heyrir undir myndlistarráð og starfar samkvæmt myndlistarlögum og eftir reglum sem menntamálaráðherra setur. Sérskipaðar matsnefndir meta umsóknir og gera tillögu að úthlutun.“

Hlutverk myndlistarráðs varðandi úthlutunarstefnu myndlistarsjóðs kemur fram í 2. mgr. 12. gr. myndlistarlaga nr. 64/2012. Þar segir: „Myndlistarráð úthlutar styrkjum úr myndlistarsjóði. Ráðherra setur myndlistarsjóði reglur um auglýsingar, meðferð umsókna og afgreiðslu þeirra. Við mat á umsóknum er myndlistarráði heimilt að leita umsagnar fagaðila.“

Myndlistarráð er skipað til þriggja ára í senn og markar stefnu stjórnvalda fyrir skipunartímabilið. Ráðið vinnur samkvæmt áætlun fyrir tímabilið 2022-2025.

Stefna myndlistarsjóðs er að stuðla að framgangi íslenskrar myndlistar héraðs sem erlendis og veita verkefnastyrki sem ætlaðir eru til að auðvelda framkvæmd verkefna á sviði myndlistar.

Myndlistarsjóður veitir styrki samkvæmt ákvæðum myndlistarlaga nr. 64/2012. Þau áherslusvið sem hafa forgang við ráðstöfun fjár á tímabilinu eru:

- verkefni sem styðja við framkvæmd myndlistarstefnu og þær aðgerðir sem falla undir starfssvið myndlistarráðs
 - verkefni sem efla alþjóðlegt samstarf og kynningu á íslenskrum myndlist erlendis
 - fjölbreytt verkefni á sviði myndlistar, m.a. með tilliti til sjálfbærni og menningarlegrar fjölbreytni
 - verkefni sem unnin eru í tengslum við myndlistarhátíðir og vinnustofur héraðs sem erlendis
 - verkefni sem byggja á samstarfi um rannsóknir og útgáfu rita og bóka um myndlist
- Myndlistarráð samþykkir stefnuna.

- Tinna mun setja hana á vefsíðu sjóðsins.

3. Seinni úthlutun myndlistarsjóðs 2023

- Umsóknarfrestur í seinni úthlutun myndlistarsjóð rann út mánudaginn 21. ágúst kl. 16:00.
- Tinna greinir einnig frá því að umsóknareyðublaðið var uppfært og lagfært eins og ákveðið var á síðasta fundi myndlistaráðs varðandi lágmarks og hámarks styrkfjárhæðir. Einnig náðist að forrita umsóknareyðublaðið þannig að samtals tölurreitir reiknast sjálfkrafa og hámarksorðafjöldi er virkur.
- Í aðdraganda umsóknarfrests var boðið upp á að bóka ráðgjöf. Meðlimum SÍM var boðin ráðgjöf miðvikudaginn 16. ágúst milli kl. 15:00 og 18:00. Alls bókuðu sjö sig í viðtal og sex mættu. Einnig var auglýst viðtöl yfir netið fyrir almenning fimmtudaginn 15. ágúst og varð sú ráðgjöf uppbókuð. Þeir sem náðu ekki að bóka sig fengu viðtal daginn eftir, alls 20 fengu ráðgjöf báða daganna.
- Tinna greinir frá fjölda umsókna í sjóðinn, upphæða sem sótt var um og skiptingu milli flokka. Alls bárust 166 umsóknir, sjá nánar í töflu.

Fj. umsókna	Styrkjaflokkar	Samtals sótt um	%	Skipting fjármagns	%
26	Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir	40,400,000	21%	4,600,000	18%
37	Undirbúningsstyrkir	43,800,000	22%	4,600,000	18%
103	Sýningarverkefni	110,800,000	57%	16,900,000	65%
166		194,000,000	100%	26,100,000	100%

Katrín fer af fundi.

4. Matsnefndir fyrir seinni úthlutun myndlistarsjóðs 2023

- Rætt um uppröðun matsnefnda og mögulega gesti. Ákveðið að Margrét og Katrín fari yfir sýningarverkefni, ásamt gesti, og Hlynur og Anna fari yfir undirbúningsstyrki og útgáfu-, rannsóknar og aðra styrki, ásamt gesti. Tinna mun hafa samband mögulega gesti og upplýsa formann um niðurstöðu.
- Ákveðið að matsnefndir klára yfirferð föstudaginn 22. september og næsti fundur myndlistarráðs verður haldinn í kjölfarið, mánudaginn 25. september kl. 16:00.

5. Önnur mál

- Vinnumappa: Tinna tók saman helstu gögn sem snúa að myndlistarráði og deildi með ráðsmeðlimum. Umræður um hlutverk ráðsmanna og tengsl við önnur verkefni.
- Val í ISCP vinnustofu: Auður greinir frá því að Kristín Helga Ríkharðsdóttir hafi verið valin í vinnustofudvölinu.
- Matsferli og niðurstöður: rætt um mat á umsóknum og hvort senda ætti umsækjendum stigagjöf úr niðurstöðum.
- Fundir og mikilvægar dagsetningar framundan:
 - Næsti fundur er mánudaginn 25. sept kl. 16:00
 - Ekki verður fundur í október.

- Í nóvember er fundur mánudaginn 6. nóvember kl. 15:00 og aftur mánudaginn 27. nóvember kl. 15:00
- Opnað verður fyrir tillögur til Íslensku myndlistarverðlaunana 15. nóvember. Hægt verður að senda inn tillögur til 15. desember.
- Verðlaunaafhendingin fer fram fimmtudaginn 14. mars.
- Opnað verður fyrir næstu umsóknarlotu í myndlistarsjóð 11. desember og umsóknarfrestur verður mánudaginn 5. febrúar 2024.

Fundi slitið kl. 17:30